



Knattspyrnu- og þróunarnefnd KSÍ

Reykjavík, 9. febrúar 2023.

Efni: Umsögn knattspyrnu- og þróunarnefndar KSÍ vegna tillögu um leikmannssamninga í 2. deild kvenna (Þingskjal 14).

KÞ er ekki mótfallin tillögu Hauka, en bendir á, að um leið og 2. deild kvenna verður atvinnumannadeild, þá fellur hún undir sömu félagaskiptaglugga og í efstu tveimur deildunum. Vissulega opnar það á möguleika félaga í 2. deild að geta lánað frá sér leikmenn, en á sama tíma gætu þau ekki lengur fengið til sín leikmenn á láni eftir lokun félagaskiptaglugga í efri deildum, líkt og verið hefur. Er það vegna þess að félagaskipti hafa áfram staðið opin í 2. deild eftir að félagaskiptagluggi lokar í efri deildum.

Knattspyrnu- og þróunarnefnd KSÍ